

Háskóli Íslands
Heimspekideild

05.40.25
Ritgerð til B.A. prófs

Aðalsteinn Eyþórsson

UM ÓÁKVEÐIN FORNÖFN

Reykjavík 1986

Efnisyfirlit

0 Inngangur	1
1 Afmörkun orðflokksins	3
1.0	3
1.1 Hvað eru óákveðin fornöfn?	3
1.1.0	3
1.1.1 Fornöfn	3
1.1.2 Skilgreiningar á ófn.	4
1.2 Hver eru óákveðin fornöfn?	5
1.3 Samanburður orðalista og skilgreininga	7
1.3.0	7
1.3.1 Merkingarleg einkenni	7
1.3.2 Formleg einkenni	8
2 Setningarstaða ófn.	9
2.0	9
2.1 Liðgerðarregla fyrir nafnliði	9
2.2 Hringurinn þrengist	11
2.2.0	11
2.2.1 Annar, fáeinir, ýmis, fáir, margir	11
2.2.2 Maður	12
2.2.3 Annar tveggja, hvor tveggja	13
2.2.4 Einn, nokkur	14
2.3 Ákvæðisorð eða forliður	15
2.3.0	15
2.3.1 Ófn. með nafnorði	16
2.3.2 Ófn. í forlið	18
2.3.3 Annar hver	19
2.3.4 Færsla ófn.	19
2.3.5 Yfirlit	20
2.3.6 Neinn og nokkur	21
3 Merking óákveðinna fornafna	22
3.0	22
3.1 Hugtök og heiti í rökfræði	22
3.1.0	22
3.1.1 Röktengi	23
3.1.2 Einnefni	23
3.1.3 Umsagnir	23
3.1.4 Feldar	23
3.2 Ófn. sem feldar	24
3.3 Yfirgríp feldis	25

3.4	Svið feldis	26
3.4.0	26
3.4.1	Svið alfelda	27
3.4.2	Svið tilfelda	28
4	Helstu niðurstöður	30

0 Inngangur

Þessari ritgerð er ætlað að fjalla um svokölluð óákveðin fornöfn og hlutverk þeirra í málinu, einkum frá setningafræðilegu og merkingarlegu sjónarmiði. Efnisskipan ritgerðarinnar er sem hér segir: Í fyrsta kafla er gerð tilraun til að afmarka flokk óákveðinna fornafna. Þar eru athugaðar nokkrar skilgreiningar á orðflokknum (1.1) og upptalningar kennslu- og handbóka á ófn. (1.2). Loks er þetta tvennt borið saman (1.3).

Annar kafla fjallar um setningarstöðu ófn. Þar er reynt að finna setningafræðileg samkenni með ófn. (2.1), ýmis vafaatriði eru rædd (2.2) og kannað hvaða ófn. geta staðið í mismunandi gerðum nafnliða.

Í þriðja kafla er rætt um merkingarhlutverk ófn. Sérstaklega er reynt að grafast fyrir um rökfræðilega eiginleika þeirra og þau flokkuð eftir þremur rökfræðilegum atriðum.

Í fjórða kafla er svo gefið stutt yfirlit yfir helstu niðurstöður um merkingu ófn. og þær bornar saman við setningafræðilega hegðun þeirra.

1 Afmörkun orðflokksins

1.0

Þegar ég var í barnaskóla lærði ég eftirfarandi vísu:

*Annar, fáeinir, enginn, neinn,
ýmis, báðir, sérhver,
hvorugur, sumur, hver og einn,
hvor og nokkur, einhver.*

(Höfundur ókunnur).

Ævinlega síðan hef ég verið nokkuð forvitinn um efni hennar, þ.e.a.s. um óákveðin fornöfn, enda er þetta eina málfræðivísan sem ég kann. En áður en gengið er til glímu við óákveðin fornöfn er rétt að reyna að glöggva sig á því hvaða skepna þetta eiginlega er.

1.1 Hvað eru óákveðin fornöfn?

1.1.0

Það er ekki fráleitt að segja að óákveðin fornöfn hafi verið hálfgerðir munaðarleysingjar í íslenskri málfræði. Maður hefur það reyndar stundum á tilfinningunni að þessi flokkur orða sé notaður sem ruslakista undir það sem passar hvergi annarsstaðar. Þó skal því ekki trúað að óreyndu að svo sé.

1.1.1 Fornöfn

Fyrsta verkefni þess sem ætlar að segja eitthvað af viti um óákveðin fornöfn hlýtur að vera að reyna að afmarka þennan flokk orða, komast að því hvaða orð eru ófn. og hver ekki. Fyrsta vísbendingin er auðvitað nafngiftin. Þetta eru semsé fornöfn. Og hvað vitum við þá um fornöfn? Að minnsta kosti þetta:

Fornöfn eru fallorð, sem hvorki bæta við sig greini, stigbreytast né eru tölutáknanir.

(Björn Guðfinnsson 1958:15)

Fornöfn eru líka oft sögð „standa fyrir“ önnur orð. Þetta er augljóst hvað varðar persónufornöfn, á þau má líta sem e.k. „skammstöfun“ fyrir nafnorð eða nafnliði. Persónufornöfn eru sögð vísa til

einhvers, persónu eða hlutar sem áður hefur verið nefnt; það er haft til að komast hjá endurtekningu (Gunnar Finnbogason 1976:114)

Að þessu leyti líkjast fornöfn nafnorðum, þau hafa, sum hver a.m.k., sömu stöðu í setningu og nafnorð hafa. En hér kemur fleira til. Fornöfn eru líka sögð líkjast lýsingarorðum.

Fornöfn eru þannig orð, sem gegna svipuðu hlutverki og nafnorð og lýsingarorð ... (Halldór Halldórsson 1956:20)

Þessi samsvörun við lo. er af tvennu tæi. Annars vegar getur pfn. það „staðið fyrir“ lo. í sagnfyllingu á sama hátt og önnur pfn. standa fyrir nafnorð.

(1) Jón er þyrstur og Sveinn er það líka.

Hins vegar líkjast sum fornöfn lo. að því leyti að þau standa í nafnlið sem ákvæðisorð með nafnorði. Þetta atriði virðist skipta fornöfnum í tvo hópa því að pfn. standa aldrei sem ákvæðisorð með no., þau eru alltaf höfuðorð nafnliðar. Eignarfornöfn aftur á móti, eru ævinlega ákvæðisorð með nafnorði.

1.1.2 Skilgreiningar á ófn.

Lítum nú á skilgreiningar nokkurra málfræðikennslubóka á óákveðnum fornöfnum:

Óákveðin fornöfn draga nafn af því, að þau tákna ótiltekna einstaklinga. Þannig er t.d. **enginn** óákveðið fornafn, af því að ekki verður bent á neinn sérstakan og sagt, að hann sé *enginn*. (Halldór Halldórsson 1956:79)

Hið óákveðna við þessi fornöfn er það að eðli þeirra og staða er áþekk lýsingarorði, svo að vart má á milli sjá, hvort fremur beri að telja þau fornöfn eða lýsingarorð. Þau taka til þess sem er óákveðið eða ótiltekið. (Gunnar Finnbogason 1976:117)

Óákveðin fornöfn ...eru oft notuð til þess að fylla nafnliði, þegar sá sem talar vill ekki eða getur ekki sagt nákvæmlega til um þann eða þá einstaklinga sem standa ætti (ættu) í nafnliðnum. (Kristján Árnason 1980:15–16)

Þessar skilgreiningar eða lýsingar á ófn. miðast fyrst og fremst við merkingu, megináherslan er á að ófn. tákni ótiltekna hluti eða einstaklinga. Það er í samræmi við þá venju sem lengi hefur ríkt í kennslubókum, að skilgreina orðflokka út frá merkingu fyrst og fremst. Í seinni tíð hefur sú aðferð verið gagnrýnd nokkuð og formleg einkenni talin öruggari kennimörk orðflokka. (Sjá Höskuld Þráinsson 1983 og 1984 (2. kafli)). Í tveimur skilgreiningum af þremur er einnig minnst á formleg einkenni ófn. Gunnar Finnbogason segir þau áþekk lýsingarorðum hvað varðar stöðu og á þá væntanlega við

stöðu þeirra í setningum. Kristján Árnason segir aftur á móti að ófn. séu höfð til að „fylla nafnliði“ undir ákveðnum kringumstæðum. Þau setningafræðilegu einkenni ófn. sem þeir félagar telja fram virðast því vera ósamhljóða því að lýsingarorð eru yfirleitt ekki höfð til að „fylla nafnliði“. Þau geta ekki staðið ein í nafnlið:

- (2) a ***Stór** kom
b *Ég sá **lítinn**

Orð sem vanalega eru talin til óákveðinna fornafna geta aftur á móti staðið ein í nafnlið eins og Kristján bendir á og líkjast að því leyti persónufornöfnum en ekki lýsingarorðum:

- (3) a **Einhver** kom
b Ég sá **engan**
c **Hann** kom
d Ég sá **þær**

En ófn. geta líka staðið sem ákvæðisorð með nafnorði líkt og lýsingarorð gera en persónufornöfn ekki:

- (4) a **Einhver** maður kom
b **Stór** maður kom
c ***Hann** maður kom

Í 2. kafla þessarar ritgerðar verður litið nánar á stöðu ófn. í setningum en það er í öllu falli ljóst að sum þeirra a.m.k. skilja sig frá bæði lýsingarorðum og persónufornöfnum hvað varðar setningarstöðu.

Í skilgreiningu Gunnars Finnbogasonar hér að framan er einnig minnst á að „**eðli**“ ófn. sé svipað og lýsingarorða en hvort þar er átt við beygingu þeirra eða eitthvað annað veit ég ekki.

1.2 Hver eru óákveðin fornöfn?

Hér að framan var minnst á nokkur almenn sérkenni fornafna en þó er eftir að geta um eitt mikilvægt atriði. Fornöfn og þar með ófn. eru **lokaður orðflokkur**. Það er ekki hægt að mynda ný fornöfn að vild og þau sem til eru, eru ekki fleiri en svo að auðvelt ætti að vera að búa til tæmandi lista yfir þau. Og það er einmitt það sem gert er í flestum kennslubókum um íslenska málfræði. Tafla I sýnir hvaða orð eru talin ófn. í tíu bókum um íslenska málfræði. Svipaða töflu er að finna hjá Höskuldi Þráinssyni (1974:10) en helsti mismunurinn er sá að þar eru teknar með bækur sem eiga að ná yfir formál jafnt

sem nútímamál. Bækurnar sem athugaðar voru eru þessar:

VG	=	Valtýr Guðmundsson 1922:114–116.
BISt	=	Sigfús Blöndal og Ingeborg Stemann 1943:94.
StE	=	Stefán Einarsson 1945:71–73 og 128–132.
HH	=	Halldór Halldórsson 1957:79.
BjG	=	Björn Guðfinnsson 1958:55.
GF	=	Gunnar Finnbogason 1976:118.
JF	=	Jón Friðjónsson 1978:96, 110, 175, 189.
MP	=	Magnús Pétursson 1978:97–98.
BKr	=	Kress 1982:109–113.
SkB	=	Skúli Benediktsson 1982:16.

Í sumum tilvikum getur verið erfitt að átta sig á því hvort viðkomandi höfundur telur tiltekið orð vera ófn. eða ekki. Stundum er t.d. sagt að eitthvert orð sé „notað sem ófn.“ (en sé þá líklega eitthvað annað „í raun og veru“). Í töflu I er það lagt að jöfnu þegar höfundur segir að eitthvert orð sé ófn. og þegar sagt er að það sé notað sem slíkt. (Um rök fyrir því, sjá Höskuld Þráinsson 1984:32–33).

TAFLA I.

	VG	BISt	StE	HH	BjG	GF	MP	BKr	SkB	JF
<i>einn</i>	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
<i>neinn</i>	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
<i>nokkur</i>	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
<i>sumur</i>	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
<i>hver</i>	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
<i>sérhver</i>	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
<i>einhver</i>	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
<i>annar</i>	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
<i>annar hvor</i>	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
<i>annar hver</i>	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
<i>annar tveggja</i>	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
<i>báðir</i>	+	+	+	+	+	+	+		+	+
<i>hvor tveggja</i>	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
<i>hvorugur</i>	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
<i>enginn</i>	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
<i>hvor</i>		+	+	+	+	+	+	+	+	+
<i>allur</i>			+	+	+	+		+	+	+
<i>maður</i>		+	+					+		
<i>fáeinir</i>		+			+	+		+	+	
<i>ýmis</i>				+	+	+		+	+	+

Til viðbótar þeim orðum sem talin eru upp í töflu I eru nokkur sem koma aðeins fyrir hjá einum höfundi hvert. Þau eru:

- StE: *þeir, hann, það*
 Hér er átt við notkun þessara orða í frumlagssæti ópersónulegra setninga eins og *það rignir*
- GF: *sjálfur, samur, slíkur, þvílíkur*
 Þessi orð eru annars oftast kölluð óákveðin ábendingarfornöfn.
- BKr: *margir, fáir*
 Þessi orð hafa vanalega verið talin til lýsingarorða.
- JF: *hver annar, hvor annar*
 Þessi orð hafa stundum verið nefnd gagnvirkandi fornöfn og líkjast að ýmsu leyti afturbeygðu fornafni.
- MP: *sérhver*
 Þetta orð hef ég hvorki heyrt né séð annarsstaðar.

Eins og sjá má á töflu I fá fyrstu 16 orðin nær einróma stuðning til embætta óákveðinna fornafna, en um fjögur þau næstu er ekki jafn breið samstaða. Önnur orð en þessi 20 fá lítinn stuðning. Aðrir höfundar sem ekki setja fram tæmandi lista yfir ófn. en taka þó um þau dæmi, halda sig einnig að mestu við þessi 20 orð.

1.3 Samanburður orðalista og skilgreininga

1.3.0

Hvernig skyldu nú þessi tuttugu orð sem flestir höfundar telja ófn. falla að skilgreiningunum sem áður voru nefndar? Þau einkenni sem dregin voru fram í skilgreiningunum þremur voru einkum þrjú:

- i) Ófn. tákna e-ð ótiltekið.
- ii) Ófn. standa í nafnlið.
- iii) Ófn. hafa svipaða stöðu í setningum og lýsingarorð.

1.3.1 Merkingarleg einkenni

Ef fyrst er litið á merkingarlega þáttinn, kemur í ljós að erfitt getur verið að festa hendur á muninum á því sem er „ótiltekið“ og því sem er „tiltekið“. Halldór Halldórsson (1956:79) tekur *enginn* sem dæmi um að ófn. tákni e-ð ótiltekið. Þetta dæmi er þó dálítið vafasamt því að *enginn* hefur „tóma“ tilvísun ef svo má segja. Það er óhugsandi að orðið *enginn* sé notað um einstakling eða hlut og skiptir þá engu máli hvort það er einhver tiltekinn eða ekki. Það kemur líka í ljós að t.d. *nokkur* fellur varla að merkingarlegu skilgreiningunni í i). Þannig er auðveldlega hægt að benda á tiltekinn hóp manna og segja að þar séu *nokkrir menn* á ferðinni. Að maður tali nú ekki um þegar sagt er *maður nokkur*, það virðist eðlilegast að skilja svo að átt sé við tiltekinn mann. Þá er það í and-

stöðu við i) að sum orðin í töflu I geta staðið sem ákvæðisorð með nafnorði með greini:

- (5) a **Allir** mennirnir
- b **Báðir** mennirnir

En greinir er einmitt talinn gefa til kynna að átt sé við e-ð ákveðið eða þekkt. (Sbr. Kristján Árnason 1982:42.)

1.3.2 Formleg einkenni

Setningarfræðilegu atriðin í ii) og iii) duga heldur ekki til að greina orðin 20 frá t.d. lýsingarorðum, töluorðum eða fornöfnum. Til þess eru þau alltof víðtæk. Þó er ljóst eins og fram kom í 1.1.2 að sum af orðunum í töflu I geta gegnt hlutverki frumlags í setningu, en það geta lýsingarorð yfirleitt ekki.

Í skilgreiningunum sem tilfærðar voru í 1.1.2 er ekkert minnst á beygingarleg einkenni ófn. Það kemur líka á daginn að orðin 20 í töflu I yrðu tæplega flokkuð saman á grundvelli beygingar einnar saman. Beyging flestra orðanna er reyndar í meginatriðum eins og sterk beyging lýsingarorða en frá því eru þó undantekningar. *Einn*, *neinn* og *annar* beygjast eins og tilsvarendi töluorð, *nokkur*, *enginn* og *báðir* hafa óreglulega beygingu og *maður* beygist eins og nafnorðið *maður*.¹ Af þessu má ljóst vera að það eru tæplega beygingarleg samkenni sem liggja að baki upptalningum höfundanna tíu. En hvað er það þá? Mér þykir ólíklegt að þær fáu skilgreiningar sem er að finna í kennslubókum hafi verið lagðar til grundvallar „vali“ höfundanna á ófn. Trúlegra er að skilgreiningunum sé ætlað að lýsa að einhverju leyti gefnum flokki orða sem vanalega eru flokkuð sem ófn. (m.a. með tilvísun til samsvarandi orða í öðrum málum).

Ef takast á að afmarka flokk óákveðinna fornafna þarf því að leita betur að sameiginlegum einkennum orðanna í töflu I. Þar kemur helst til álita að kanna betur setningafræðilega stöðu þeirra.

Nokkuð er á reiki hvaða orð eru talin til óákveðinna fornafna, þar er einna helst hægt að grípa til setningafræðilegra raka.

(Eiríkur Rögnvaldsson 1984:158)

¹Um beygingu ófn. sjá Höskuld Þráinsson 1974.

2 Setningarstaða ófn.

2.0

Áður en byrjað er á setningafræðilegum prófunum er rétt að staldra aðeins við. Það sem málið snýst um er að beita setningafræðilegum rökum til þess að komast að einhverju um tiltekinn orðflokk. Nú er það svo að það er hreint ekki ljóst hvaða stöðu hefðbundnir orðflokkar hafa innan nútíma setningafræði. Orðflokkarnir eru ættaðir frá Forngríkkjum og hafa lítið breyst í aldanna rás. Setningafræðin er aftur á móti spánný að mestu leyti. Þó virðist setningafræðin alls ekki geta komist af án orðflokka. Það er heldur ekki á hreinu hvernig innbyrðis tengslum orðflokka er háttáð. Eru t.d. ófn. fullgildur orðflokkur eða bara undirdeild orðflokksins fornafna? Er einhver munur á stöðu ófn. gagnvart fornöfnum almennt og stöðu staðaratviksorða gagnvart atviksorðum, svo dæmi sé tekið? Svörin við þessum spurningum hljóta að velta á því hvernig menn vilja skilgreina orðflokk og hvaða aðferðum er beitt til að skera úr um hvort tvö orð tilheyra sama orðflokki. Slíkar skilgreiningar eru víst margar til en engin þeirra er viðtekin sem hin eina rétta. Því var slegið föstu hér að framan að heppilegast væri að beita setningafræðilegum aðferðum til að ná tökum á óákveðnum fornöfnum. Í framhaldi af því getum við, til bráðabirgða a.m.k., gengið út frá því að orðflokka beri að skilgreina setningafræðilega. Eina slíka skilgreiningu er að finna hjá John Lyons:

In view of the fact that several conflicting definitions of 'form-class' are to be found in the literature, we will arbitrarily opt for a definition of 'form-class' in terms of syntactic equivalence: two forms f_i and f_j , are members of the same form-class F_x if and only if they are intersubstitutable (i.e. have the same distribution) throughout the sentences of the language.
(Lyons 1977:424)

Með þessa skilgreiningu að vopni ætti að vera hægt að afmarka nánar flokk óákveðinna fornafna eða a.m.k. kanna hvort orðin í töflu I mynda sérstakan orðflokk.

2.1 Liðgerðarregla fyrir nafnliði

Þess var áður getið að ófn. virðast bæði geta staðið ein í nafnlið og hliðstæð með nafnorði. Í liðgerðarreglum fyrir nafnliði sem Höskuldur Þráinsson (1982:65) og Eiríkur Rögnvaldsson (1982:42) setja fram er ekki gert ráð fyrir fyrri möguleikanum en

ófn. talin eiga heima fremst í nafnlið á undan öllum öðrum ákvæðisorðum. Rök fyrir þeirri greiningu eru nafnliðir eins og

- (6) a Allir þessir tíu gáfuðu málfræðingar
 b Allir þessir fimmtán mjög drykkfelldu synir og sonarsynir Sveins

Í nýjustu útgáfunni af kennslukveri Höskuldar er hins vegar komin nafnliðarregla sem leyfir nafnliði af gerðinni

- (7) NI > fn

þar sem fn getur verið persónufornafn, ábendingarforanafn eða óákveðið fornafn (Höskuldur Þráinsson 1984:154). Nýjustu fréttir af nafnliðareglunni er þó að finna í nýlegri grein Friðriks Magnússonar. Þar hefur reglan verið endurbætt verulega og lítur þannig út með öllum „fylgihlutum“:

- (8) a NI \longrightarrow (ao) $\left\{ \begin{array}{l} \text{(ófn)(áfn)(gr)(efn)(to)(Ll)(óáfn)no} \\ \text{F} \\ \text{pfn (Ákv)} \\ \text{(NI) S}^- \end{array} \right. \quad \text{(NI)} \quad \left(\begin{array}{l} \text{FI} \\ \text{Al} \end{array} \right)$
- b Ll \longrightarrow (Aá) lo $\left(\begin{array}{l} \text{NI} \\ \text{FI} \end{array} \right)$
- c Aá \longrightarrow $\left\{ \begin{array}{l} \text{ao} \\ \text{to no} \end{array} \right.$
- d F \longrightarrow $\left\{ \begin{array}{l} \text{ófn} \\ \text{áfn} \\ \text{to} \\ \text{Ll} \\ \text{spfn} \end{array} \right.$
- e Ákv \longrightarrow $\left\{ \begin{array}{l} \text{to} \\ \text{áfn} \\ \text{no} \end{array} \right.$
- f X \longrightarrow X((st)X)*

(Friðrik Magnússon 1984:109)

Það er víst ekki ofsagt að þessi regla er bæði löng og flókin. Þó þyrfti líklega að auka enn við hana ef hún ætti að gera grein fyrir öllum afbrigðum í innri gerð nafnliða.

2.2 Hringurinn þrengist

2.2.0

Samkvæmt nafnliðareglunni í (8) skipa ófn. sérstakan sess í ákvæðisorðarunu nafnliða (og mynda því sérstakan orðflokk skv. skilgreiningu Lyons (1977)). Þessi setningafræðilega sérstaða ófn. ætti að geta komið að gagni við að athuga hvort öll orðin í töflu I standa undir nafni sem ófn. Hér á eftir verður reynt að þrengja hringinn um óákveðin fornöfn með því að bera setningarstöðu nokkurra vafaatriða úr töflu I saman við nafnliðaregluna í (8).

2.2.1 Annar, fáeinir, ýmis, fáir, margir

Meðal þess sem Friðrik Magnússon tekur sér fyrir hendur í fyrrnefndri grein er að athuga hvort hugsanlegt sé að ófn. séu e.t.v. ekkert annað en lýsingarorð eða töluorð. Þar hefur hann m.a. í huga fullyrðingar kennslubókahöfunda, einkum Björns Guðfinnssonar, um þetta efni.

Óákveðin fornöfn líkjast mjög ýmsum öðrum orðum (lýsingarorðum og töluorðum).
(Björn Guðfinnsson 1958:55)

Í umfjöllun Friðriks (1984:91–94) kemur fram að ekki sé hægt að telja ófn. til lýsingarorða eða töluorða vegna mismunandi stöðu í setningum. Aftur á móti kemur í ljós að nokkur orð virðast vera á mörkum þessara þriggja orðflokka. Þau orð sem hér um ræðir eru: *fáeinir* og *ýmis* sem fá heldur dræman stuðning sem ófn. í töflu I; *margir* og *fáir* sem yfirleitt eru talin til lýsingarorða (stigbreytast) en eru þó talin ófn. hjá einum höfundi (Kress 1982); og loks *annar* í setningum eins og

(9) Jón kom á fundinn og **annar** maður með honum

Í (9) merkir *annar* eitthvað í ætt við ‘til viðbótar’. *Annar* í merkingunni ‘annar tveggja’ hegðar sér aftur á móti eins og „reglulegt“ ófn.

Samkvæmt (8) a geta ófn. ekki staðið á eftir ábendingarfornafni.

- (10) a Þessar **fáeinu** hræður
b Þessir **ýmsu** höfðingjar
c Þessir **mörgu** fundir
d Þessar **fáu** krónur
e *Þessir **aðrir** menn

Samkvæmt (10) gætu þessi orð verið lýsingarorð eða töluorð. Þótt nafnliðurinn í (10)e sé ótækur, útilokar það ekki að **annar** sé lýsingarorð því að þau lo. sem aðeins beygjast sterkt geta heldur ekki staðið á eftir ábendingarfornafni.

- (11) a *Þessir **nógir** menn
b *Þessi **miður** dagur

Ef orðin í (10) eru lýsingarorð, ættu þau að geta staðið á milli töluorðs og nafnorðs skv. (8):

- (12) a Þrír **aðrir** þingmenn
b *Hundrað **margin** framsóknarmenn
c *Tveir **fáir** ráðherrar
d *Tuttugu **fáeinir** kjósendur
e *Tólf **ýmsir** hestamenn

Í (12) hegðar *annar* sér eins og lo. en hin orðin ekki. Skyldu þau þá vera töluorð? Skv. (8)a er staður töluorða milli ábendingarfornafns og lýsingarorðsliðs:

- (13) a Þessir **fáeinu** mjög óánægðu kjósendur
b ?Þessir **ýmsu** afar mikilhæfu listamenn
c Þessir **mörgu** hrikalega efnilegu framsóknarmenn
d Þessir **fáu** mjög lélegu bílar

Nafnliðirnir í (13) eru kannski ekkert afbragð en þeir eru hreint ekki óhugsandi. Það lítur því út fyrir að *fáeinir*, *ýmsir*, *margin* og *fáir* séu töluorð en *annar* sé lýsingarorð (þ.e. þegar það merkir ekki „annar tveggja“). Skv. (8)f er einungis hægt að hliðskipa samskonar liðum (sjá Friðrik Magnússon 1984:90 og 105). Það ætti því ekki að vera hægt að hliðskipa töluorði og lýsingarorði:

- (14) a ***Fáeinir** og óánægðir kjósendur
b ***Ýmsir** og mikilhæfir listamenn
c **Margin** og leiðinlegir fundir
d **Fáir** og lélegir bílar
e **Önnur** og betri ríkisstjórn

Hér eru *margin* og *fáir* aftur komin í hóp lýsingarorða en *fáeinir* og *ýmsir* hegða sér staðfastlega eins og töluorð. Mér sýnist því ekki annað vænna en að telja að *margin* og *fáir* séu einhverskonar „bastaðar“ á mörkum töluorða og lýsingarorða. Aftur á móti virðist mega slá því föstu að *fáeinir* og *ýmsir* séu töluorð og að til sé lýsingarorðið *annar* sem ekki má rugla saman við óákveðna fornafnið *annar*.

2.2.2 Maður

Það orð sem fæst atkvæði fær í töflu I er *maður*. Einungis þrír höfundar telja það með ófn. og þá yfirleitt með þeim fyrirvara að þetta sé orð sem stundum sé „notað sem“ ófn. Svo sem kunnugt er, er *maður* yfirleitt í hlutverki nafnorðs en í setningum eins og í (15) hefur orðið þótt líkjast fornafni.

- (15) a **Manni** getur nú sárnað
b **Maður** reynir að gera sitt besta

Af (15) er ljóst að **maður** í fornafnshlutverki getur staðið eitt og sér í nafnlið. Ef ákvæðisorðum er bætt framan við, breytist **maður** hins vegar óðar í nafnorð.

- (16) a Þessum **manni** getur nú sárnað
b Sérhver **maður** reynir að gera sitt besta

Það er semsé engu líkara en fornafnið *maður* verði að vera einsamalt í nafnlið. Að þessu leyti líkist *maður* einna helst persónufornöfnum og spurnarfornafninu *hver* (önnur spfn. geta staðið hliðstæð með no. þótt það komi ekki fram í (8)). Það er þó ljóst að *maður* er ekki spurnarorð. Auk þess má benda á að spfn. *hver* getur tekið með sér eignarfallseinkunn en það getur *maður* ekki (án þess að verða að nafnorði).

- (17) a **Hver ykkar** braut rúðuna?
b ***Maður þeirra** reyndi að bjarga sér

Persónufornöfn geta ekki tekið eignarfallseinkunn en þau geta aftur á móti tekið með sér önnur (eftirsett) ákvæðisorð.

- (18) a **Við tvö** fórum í leikhús í gær
b **Við hin** erum ekkert að skipta okkur af þessu
b Ég sá **ykkur frændurna** drekka brennivín
(Sbr. Friðrik Magnússon 1984:108)

Við nánari athugun kemur í ljós að *maður* getur hegðað sér líkt og pfn. að þessu leyti, það getur tekið eftirsett ákvæðisorð án þess að missa fornafnsmerkinguna:

- (19) Aðrir eru ekkert betri en **maður sjálfur**

Hvað merkingu varðar gegnir fornafnið *maður* svipuðu hlutverki og 1. pers. fornafnið *ég*. Þessi orð eru notuð við svipaðar aðstæður, þ.e. til þess að vísa til mælandans. Mér þykir líklegt að munurinn á *ég* og *maður* sé fyrst og fremst aðstæðufræðilegur (pragmatískur), eða stílfraðilegur. Þegar menn vilja af einhverjum ástæðum komast hjá því að tala í fyrstu persónu, nota þeir *maður* en ekki *ég*. Ég held því að óhætt sé að taka *maður* út af lista óákveðinna fornafna og greina það fremur sem persónufornafn, að því hníga bæði setningafræðileg og merkingarfræðileg rök.

2.2.3 Annar tveggja, hvor tveggja

Þessi orð fá ótvíræðan stuðning til embætta óákveðinna fornafna hjá kennslu- og handbókahöfundum í töflu I. Þó gæti virst vafasamt að telja þetta vera sérstök fornöfn þar

sem seinni hlutinn, *tveggja*, lítur út eins og eignarfallseinkunn með ófn. *annar* og *hvor*. Auk þess er a.m.k. *annartveggja* ákaflega sjaldgæft orðalag.

I Talesproget bruges disse Ord sjælden eller aldrig, undtagen N. og A. Sg.
Ik. af *hvortveggja* (*hvorutveggja*): *hvortveggja*
(Valtýr Guðmundsson 1922:115)

Ég leyfi mér því að afskrifa *annartveggja* sem sérstakt fornafn á þeim forsendum að það sé einfaldlega ekki lifandi mál. Með *hvortveggja* er eitthvað meira lífsmark og ef marka má þau dæmi sem gefin eru í *Orðabók Menningarsjóðs* verður því naumast haldið fram að um sé að ræða ófn. *hvor* með *tveggja* sem eignarfallseinkunn. Dæmin eru þessi:

- (20) a Hvor tveggja maðurinn
 - b Hvor tveggja þeirra
- (Íslensk orðabók:293)

Ef *tveggja* væri eignarfallseinkunn hlyti nafnorðið *maðurinn* að standa fyrir framan hana en ekki fyrir aftan eins og í (20)a. Í (20)b er *þeirra* eignarfallseinkunn en aðeins er hægt að hafa eina slíka í hverjum nafnlið. *Tveggja þeirra* getur ekki verið ein og sama eignarfallseinkunnin því að þá hlyti töluorðið að vera á eftir persónufornafninu: *þeirra tveggja* (sbr. (8)a og e). Það sýnist því ekki tímabært að vísa *hvortveggja* burt úr hópi óákveðinna fornafna. Ég er þó ekki viss um að dæmin í (20) beri vitni um lifandi mál. Ég held að það sé rétt hjá Valty Guðmundssyni að *hvortveggja* sé nær eingöngu notað í hvorugkyni. Ég treysti mér a.m.k. illa til að dæma um gæði setninga með *hvortveggja* í frumlagnafnlið og læt þetta orð því liggja milli hluta í prófunum hér á eftir.

2.2.4 Einn, nokkur

Einn er einróma talið til óákveðinna fornafna í töflu I. Um notkun þess segir einn höfundanna tíu:

Orðið **einn** er óákveðið fornafn, þegar setja má **nokkur** í staðinn, t.d. *maður einn* (= maður nokkur). (Halldór Halldórsson 1957:79)

Hér eru *einn* og *nokkur* eftirsett ákvæðisorð með nafnorði og skera sig þannig úr hópi annarra „meindra“ ófn. hvað setningarstöðu varðar. Það hlýtur að benda til þess að hér sé eitthvað annað á ferðinni en óákveðið fornafn af venjulegri gerð. En þar kemur fleira til. Nafnorð sem taka með sér eftirsett *einn* eða *nokkur* geta hvorki tekið með sér önnur ákvæðisorð né viðskeyttan greini.

- (21) a *Gamall maður **nokkur**
 b *Einhver maður **einn**
 c *Maðurinn **nokkur**

Ef litið er á merkingu þessara orðasambanda kemur í ljós að þar virðist vera mesta öfugmæli að tala um **óákveðin** fornöfn. Nafnliðurinn *maður nokkur* og *maður einn* eru einmitt notaðir þegar átt er við **ákveðinn** eða **títekinn** mann. Merkingin minnir því einna helst á greini eða jafnvel svokallaðan „óákveðinn greini“ sem tíðkast í mörgum málum en er vanalega ekki talinn vera til í íslensku. *Einn/nokkur* eru þó líklega ekki beinar samsvaranir við óákveðinn greini í erlendum málum.

Það virðist í öllu falli ljóst að eftirsett *einn* og *nokkur* hafa sérstöku hlutverki að gegna sem er frábrugðið hlutverki annarra ófn. Ef við viljum skilgreina flokk ófn. út frá setningarstöðu hljóta þessi tvö orð að falla utan flokksins (þau hafa aðra dreifingu í setningum málsins en önnur ófn., sbr. skilgreiningu Lyons 1977 á orðflokki). Merkingarhlutverk þeirra virðist líka vera sér á parti og flokkun þeirra sem ófn. er því líklega dæmi um að flokkur óákveðinna fornafna sé notaður sem ruslakista fyrir það sem erfitt er að finna stað annarsstaðar.

2.3 Ákvæðisorð eða forliður

2.3.0

Í nafnliðareglunni í (8) er tvennt til varðandi stöðu ófn. Annars vegar getur ófn. verið ákvæðisorð með nafnorði og stendur þá á undan öðrum fornöfnum, greini og lýsingarorðslið (sbr. (8)a). Hins vegar getur ófn. staðið einsamalt í svokölluðum **forlið** (F) sem getur myndað nafnlið einn og sér (sbr. (8)a og d). Það er þó ekki ljóst hvort öll ófn. geta gengið inn í bæði þessi hlutverk eða hvernig þau skipta með sér verkum ef svo er ekki. Hér á eftir verður reynt að athuga hvernig þessu er varið um þau orð sem enn eru eftir af þeim 20 sem komu fyrir í töflu I. Óákveðnu fornöfnin (*ekki*) *neinn* og (*ekki*) *nokkur* verða þó ekki tekin með í bili þar sem þau krefjast neikvæðs samhengis og ganga því ekki í sama umhverfi og hin. Þessi orð verða athuguð sérstaklega síðar. Orðin sem athuguð verða hér á eftir eru:

- (22) *einn, hver, sérhver, einhver, hvor, annar, annar hver, annar hvor, hvorugur, báðir, allir, sumir, nokkrir.*

2.3.1 Ófn. með nafnorði

Nafnliðareglan í (8) leyfir að því er virðist að allt upp í átta ákvæðisorð standi á undan nafnorði í nafnlið, þ.e.a.s.

(23) [_{N1} ao ófn áfn gr efn to L1 óáfn no]

Ákvæðisorðarunan ætti að geta verið ennþá lengri, því að lýsingarorðsliður (L1) getur verið fleiri en eitt orð (sbr. (8)b–c) og sömuleiðis er hægt að hliðskipa töluorðum og lýsingarorðum. Nafnliðir af þeirri gerð sem sýnd er í (23) eru þó í rauninni ómögulegir, þar er nafnliðareglan of öflug. Ákvæðisorð í nafnlið eru að einhverju leyti í fyllidreifingu og um samspil þeirra virðast gilda allflóknar reglur þar sem **ákveðni** skiptir miklu máli. Sem dæmi um það má nefna þá alkunnu staðreynd að lýsingarorð breyta um form eftir því hvort nafnorðið sem það stendur með er með eða án greinis:

(24) a Þetta er stórt $\begin{cases} \text{hús} \\ * \text{húsið} \end{cases}$
b Þetta er stóra $\begin{cases} * \text{hús} \\ \text{húsið} \end{cases}$

En hér kemur fleira til. Laus greinir getur t.d. ekki staðið með nafnorði nema lýsingarorð sé á milli:

(25) a Hið stóra hús er hrunið
b *Hið hús er hrunið

Ábendingarfornöfn geta ekki staðið með nafnorði með greini og eignarfornöfn færast aftur fyrir nafnorðið ef það er með greini.

(26) a Þetta hús er stórt
b *Þetta húsið er stórt
c Þetta er mitt hús
d *Þetta er mitt húsið
e Þetta er húsið mitt

Í framhaldi af þessu væri fróðlegt að athuga hvernig óákveðin fornöfn hegða sér í sambandi við ákveðni — ekki síst vegna þess að **óákveðni** er talin vera einn mikilvægasti þátturinn í fari þeirra. Fyrst skulum við athuga hvort viðskeyttur greinir á nafnorði hefur áhrif á það hvort — og þá hvaða — ófn. geta staðið með því:

- (27) a **Enginn** $\left\{ \begin{array}{l} \text{maður} \\ * \text{maðurinn} \end{array} \right.$ veit hvað gerðist
- b **Hver** $\left\{ \begin{array}{l} \text{nemandi} \\ * \text{nemandinn} \end{array} \right.$ fær sérstakt verkefni
- c **Sérhver** $\left\{ \begin{array}{l} \text{dagur} \\ * \text{dagurinn} \end{array} \right.$ er mikilvægur
- d **Einhver** $\left\{ \begin{array}{l} \text{útlendingur} \\ * \text{útlendingurinn} \end{array} \right.$ kom til dyra
- e **Hvor** $\left\{ \begin{array}{l} * \text{tvíburi} \\ \text{tvíburinn} \end{array} \right.$ fékk kjaftshögg
- f **Annar** $\left\{ \begin{array}{l} * \text{bróðir} \\ \text{bróðirinn} \end{array} \right.$ barði hinn
- g **Annarhver** $\left\{ \begin{array}{l} \text{maður} \\ * \text{maðurinn} \end{array} \right.$ er með AIDS
- h **Annarhver** $\left\{ \begin{array}{l} * \text{forstjóri} \\ \text{forstjórinn} \end{array} \right.$ er sekur
- i **Hvorugur** $\left\{ \begin{array}{l} * \text{forstjóri} \\ \text{forstjórinn} \end{array} \right.$ er saklaus
- j **Báðir** $\left\{ \begin{array}{l} * \text{dómarar} \\ \text{dómararnir} \end{array} \right.$ fóru í sumarfrí
- k **Allir** $\left\{ \begin{array}{l} \text{hluthafar} \\ \text{hluthafarnir} \end{array} \right.$ hafa kvartað
- l **Sumir** $\left\{ \begin{array}{l} \text{þingmenn} \\ \text{þingmennirnir} \end{array} \right.$ eru málgláðir
- m **Nokkrir** $\left\{ \begin{array}{l} \text{kjósendur} \\ * \text{kjósendurnir} \end{array} \right.$ skiluðu auðu

Eins og dæmin í (27) sýna skiptast ófn. í þrjá hópa varðandi ákveðni. Í fyrsta hópnum eru ófn. sem aðeins geta staðið með no. **án greinis**:

(28) *enginn, hver, sérhver, einhver, hvor, annar hver, nokkrir*

Í öðru lagi eru ófn. sem geta aðeins staðið með no. **með greini**

(29) *annar, annar hvor, hvorugur, báðir*

Loks eru ófn. sem geta staðið með no. hvort sem það er með eða án greinis:

(30) *allir, sumir*

Niðurstaðan er semsagt sú að öll ófn. geta staðið sem ákvæðisorð með nafnorði. Þau eru hins vegar í fyllidreifingu m.t.t. þess hvort þau krefjast þess að nafnorðið sé ákveðið (með greini) eða óákveðið (án greinis). Undantekning frá þessu eru *allir* og *sumir* sem ganga með hvoru tveggja.

2.3.2 Ófn. í forlið

Þá er að athuga hvort öll ófn. geta staðið ein í nafnlið, þ.e. hvort þau geta myndað **forlið** (sbr. Friðrik Magnússon 1984:105–108).

- (31) a **Enginn** veit hvað gerðist
b ***Hver** fær sérstakt verkefni
c ***Sérhver** er mikilvægur
d **Einhver** kom til dyra
e ***Hvor** fékk kjaftshögg
f **Annar** barði hinn
g ***Annar hver** er með AIDS
h **Annar hvor** er sekur
i **Hvorugur** er saklaus
j **Báðir** fóru í sumarfrí
k **Allir** hafa kvartað
l **Sumir** eru málgláðir
m **Nokkrir** skiluðu auðu

Hér skera fjögur ófn. sig úr og virðast ekki geta staðið ein í nafnlið. Þau eru:

- (32) *Hver, sérhver, hvor, annar hver*

Það er athyglisvert að þessi ófn. eru öll úr hópi þeirra sem talin eru upp í (28) og kröfðust no. með greini í (27). En þótt þessi orð geti ekki staðið ein í nafnlið er ekki útilokað að þau geti myndað forlið. Ef eignarfallseinkunn er bætt aftan við óákveðna fornafnið, breytist myndin:

- (33) a **Enginn** þeirra veit hvað gerðist
b **Hver** þeirra hefur fengið sérstök fyrirmæli
c **Sérhver** þeirra er ómetanlegur
d **Einhver** þeirra hefur stolist burt
e **Hvor** þeirra hefur ákveðin sérkenni
f **Annar** þeirra barði mig
g ***Annar hver** þeirra hlýtur vinning
h **Annar hvor** þeirra er morðinginn
i **Hvorugur** þeirra er saklaus
j ***Báðir** þeirra fóru í sumarfrí
k ***Allir** þeirra hafa kvartað
l **Sumir** þeirra eru málgláðir
m **Nokkrir** þeirra skiluðu auðu

Hér kemur í ljós að þrjú ófn. geta ekki staðið í forlið með eignarfallseinkunn, þ.e.

(34) *Annar hver, báðir, allir*

Að öllu samanlögðu er niðurstaðan í sambandi við ófn. að öll ófn. nema eitt, þ.e. *annar hver*, geta staðið í forlið. Hegðun þeirra er þó mismunandi: *hver*, *sérhver* og *hvor* krefjast ef.-einkunnar ef þau standa í forlið en *báðir* og *allir* geta ekki tekið ef.-einkunn í forlið. Önnur ófn. geta staðið í forlið bæði með og án ef.-einkunnar.

2.3.3 Annar hver

Sú sérstaða *annar hver* að geta ekki staðið í forlið vekur grunsemdir um að það eigi ekki heima í flokki ófn. Ef við höldum okkur við skilgreiningu Lyons (1977) á orðflokki (sjá 2.0), hlýtur niðurstaðan að verða sú að *annar hver* tilheyri ekki sama orðflokki og þau orð sem staðið geta í forlið. Það er reyndar líklegt að sú orðflokkskipting sem við þekkjum mundi riðlast verulega ef haldið væri fast við þessa skilgreiningu. Engu að síður getur hún gefið vísbendingar um hvað á saman og hvað ekki. Einnig má benda á að ef *annar hver* er ófn. ættu *þriðji hver*, *fjórði hver*, o.s.frv. að vera það líka og færi þá ófn. fjölgandi fram úr hófi. Setningafræðileg rök duga illa til að skera úr um flokkun *annar hver*. Ástæðan er sú að formlega er þetta eintöluorð en táknað þó fjölda (þ.e. fleiri en einn). Setningar eins og:

(35) a ***Annar hver** þessi maður
b *Þessi **annar hver** maður

gætu því verið vondar vegna þessa misræmis milli beygingarlegrar og merkingarlegrar tölu. Þó má benda á að *annar hver* á það sameiginlegt með lýsingarorðum að geta ekki staðið í forlið (þ.e. ef *margin* og *fáir* eru ekki talin fullgild lo.). Ég sting því upp á að *annar hver* verði talið lýsingarorð fremur en ófn., þótt merkingin minni helst á tölurorð.

2.3.4 Færsla ófn.

Loks er að geta þess að sum ófn. er hægt að færa útúr nafnliðnum aftur fyrir sögnina:

(36) a **Allir** nemendurnir skiluðu ritgerð
b Nemendurnir skiluðu **allir** ritgerð
c **Báðir** tvíburarnir eru rauðhærðir
d Tvíburarnir eru **báðir** rauðhærðir
e **Sumir** nemendurnir fengu taugaáfall
f Nemendurnir fengu **sumir** taugaáfall

Það eru aðeins *allir*, *báðir* og *sumir* sem hægt er að fara með á þennan hátt. *Hvorugur* sýnir þó svipaða hegðun:

- (37) a **Hvorugur** tvíburinn er sköllóttur
 b *Tvíburinn er **hverugur** sköllóttur
 c Tvíburarnir eru **hverugur** sköllóttur

Hér er þó sá munur á að þegar ófn. *hverugur* er á sínum venjulega stað, verður nafnorðið að vera í eintölu en eftir færsluna verður það að vera í fleirtölu. *Hvor* og *hver* geta einnig staðið utan nafnliðar en lenda þá aftast í setningunni auk þess sem bæði tala og ákveðni nafnorðsins breytist:

- (38) a **Hvor** tvíburi veiddi tíu laxa
 b Tvíburarnir veiddu tíu laxa **hver**
 c **Hver** fiskur var fimm pund
 d Fiskarnir voru fimm pund **hver**

Þessar breytingar á tölu og ákveðni benda til þess að hér sé ekki um að ræða raunverulega færslu, heldur tvær setningar með mismunandi djúpgæði.

2.3.5 Yfirlit

Hér að framan hefur verið tíundaður ýmiss konar mismunur á setningafræðilegri hegðun ófn. Til þess að fá betri yfirsýn yfir niðurstöðurnar er þægilegt að setja þær upp í töflu. Í töflu II eru niðurstöður athugananna í 2.3.1, 2.3.2 og 2.3.3 dregnar saman. Þar er gefið til kynna með plús og mínus í hvaða setningafræðilega umhverfi hvert ófn. getur staðið.

TAFLA II

	MEÐ NO		Í FORLIÐ		Færsla
	+ákv	-ákv	+ef.eink.	-ef.eink.	
<i>sérhver</i>	-	+	+	-	-
<i>hver</i>	-	+	+	-	-
<i>hver</i>	-	+	+	-	-
<i>enginn</i>	-	+	+	+	-
<i>einhver</i>	-	+	+	+	-
<i>nokkrir</i>	-	+	+	+	-
<i>annar</i>	+	-	+	+	-
<i>annar hvor</i>	+	-	+	+	-
<i>hverugur</i>	+	-	+	+	-
<i>báðir</i>	+	-	-	+	+
<i>allir</i>	+	+	-	+	+
<i>sumir</i>	+	+	+	+	+

Í töflu II sést að ófn. falla í nokkra flokka eftir hegðun í setningum. Orðin sem hegða sér eins eru:

- (39) a *sérhver, hver, hvor*
b *enginn, einhver, nokkrir*
c *annar, annar hvor, hvorugur*

Báðir, allir og *sumir* eiga það sameiginlegt að þau er hægt að færa til hægri en eru þó ólík að öðru leyti. *Báðir* og *allir* eru einu orðin í töflunni sem ekki geta tekið eignarfallseinkunn en *allir* og *sumir* eiga sameiginlegt að geta staðið með no. án greinis, ólíkt *báðir*. Í 3. kafla verður reynt að leggja nánar út af þessum niðurstöðum og nýta þær við athuganir á merkingu ófn.

2.3.6 Neinn og nokkur

Þar sem ófn. *neinn* er aðeins notað með neitun fellur það ekki inn í þau setningafræðilegu próf sem notuð voru hér að framan. Atviksorð sem hafa neitunarmerkingu geta yfirleitt ekki staðið fremst í nafnlið sem er í frumlagsæti setningar (sbr. Eiríkur Rögnvaldsson 1986). Því verður að prófa hegðun *neinn* í andlagsnafnlið:

- (40) a Jón hitti ekki **neinn** $\begin{cases} \text{mann} \\ * \text{manninn} \end{cases}$
b Jón hitti ekki **neinn**
c Jón hitti ekki **neinn** þeirra

Um notkun *nokkur* með neitun gegnir sama máli:

- (41) a Ég hitti ekki **nokkurn** $\begin{cases} \text{mann} \\ * \text{manninn} \end{cases}$
b Ég þekki ekki **nokkurn**
c Ég þekki ekki **nokkurn** þeirra

Athuga ber að varla er hægt að líta á *nokkur* og *nokkrir* sem et. og ft. sama orðs þar sem notkun þessara orðmynda er svo gerólík. *Nokkur* er einnig notað á sérstakan hátt í spurnarsetningum og þar er ekki hægt að nota *neinn* á sama hátt:

- (42) a Var **nokkur** $\begin{cases} \text{maður} \\ * \text{maðurinn} \end{cases}$ í húsinu?
b Var **nokkur** í húsinu?
c Var **nokkur** þeirra í húsinu?

Færsla *neinn* og *nokkur* kemur ekki til greina þar sem þessi orð geta ekki staðið í frumlagsnafnlið.

Af (40)–(42) sést að hegðun *neinn* og *nokkur* er sambærileg við hegðun *einhver*, *enginn* og *nokkrir* varðandi þau atriði sem koma fram í töflu II.

3 Merking óákveðinna fornafna

3.0

Um merkingu ófn. í íslensku hefur svo að segja ekkert verið skrifað utan þær óljósu fullyrðingar sem þegar hafa verið tilfærðar (1.1.2). Það sama gildir reyndar um merkingarfræði almennt, henni hefur lítið verið sinnt af íslenskum málfræðingum. Ástæðan er eflaust sú að merkingin er sú hlið málsins sem erfiðast er að lýsa og skipa niður í kerfi. Í seinni tíð hefur færst í vöxt að málfræðingar notfæri sér aðferðir rökfræðinnar til að lýsa merkingu í náttúrulegum málum. Mál rökfræðinnar gæti virst heppilegt tæki til þess arna því að þar er merking allra tákna skýrt skilgreind og rökfræðin myndar kerfi sem er án undantekninga og lausra enda. Í tilfelli ófn. liggur sérstaklega beint við að leita á náðir rökfræðinnar því að merkingarhlutverk ófn. minnir mjög á þau fyrirbæri rökfræðinnar sem á ensku er kallað *quantifier*. Hér verður farið að dæmi Erlends Jónssonar (1984) og notast við orðið *feldir* sem íslenskun á *quantifier*.² Það afbrigði rökfræðilegs tákna máls sem notað er í þessum kafla er einnig fengið úr bók Erlends og sama er að segja um íslensk heiti á rökfræðilegum hugtökum. Undantekning er þó orðið *tilfeldir* sem er endurbót mín á nýyrðinu *sumfeldir* sem Erlendur notar og mér þótti of nátengt ófn. *sumir*.

3.1 Hugtök og heiti í rökfræði

3.1.0

Þær setningar sem rökfræðin fjallar um eru svokallaðar **lýsandi setningar**, þ.e. setningar sem hafa sanngildi, eru annað hvort sannar eða ósannar. Orðasamböndin:

- (43) a Hvað er klukkan?
b Réttu mér pennann

teljast því ekki setningar í skilningi rökfræðinnar. Setningar rökfræðinnar samanstanda fyrst og fremst af fjórum „orðflokkum“. Þeir eru **röktengi** (logical connectives), **einnefni** (singular terms), **umsagnir** (predicates) og **feldar** (quantifiers).

²Aðrar uppástungur sem mér er kunnugt um eru *kvantari*, *kvanti*, *hæfir* og *magnari*.

3.1.1 Röktengi

Algengustu röktengin eru: \sim , $\&$, \vee , \rightarrow . Í (44) eru sýnd dæmi um notkun tengjanna (þar sem p og q eru setningar):

- (44) a $\sim p \simeq$ ekki p (eða ekki er satt að p)
b $p \& q \simeq$ p og q
c $p \vee q \simeq$ p eða q
d $p \rightarrow q \simeq$ ef p þá q

Til eru rökfræðikerfi með fleiri (og færri) röktengjum en þetta eru þau sem flestir nota.

3.1.2 Einnefni

Einnefni eru ták sem notuð eru til að vísa til eins hlutar. Þau skiptast í tvo flokka:

Föst einnefni hafa fasta merkingu sem alltaf er sú sama og samsvarar því eiginnöfnum í venjulegu máli. Bókstafirnir a , b , c ... eru notaðir til að tákna föst einnefni. Svokallaðar ákveðnar lýsingar teljast einnig til fastra einnefna en þær eru stundum táknaðar öðruvísi.

Breytileg einnefni eða **breytur** merkja ekki alltaf það sama. Hliðstæða þeirra í venjulegu máli eru persónuformöfn. (Þar er þó ekki um nákvæma hliðstæðu að ræða a.m.k. ekki í öllum tilvikum, sbr. Evans (1980).) Breytur eru táknaðar með bókstöfunum x , y , z

3.1.3 Umsagnir

Umsögn er það sem sagt er um umræðuefni setningar og merkir að jafnaði eiginleika eða vensl. Þær eiga sér enga nákvæma hliðstæðu í orðflokki mannlægs máls, nafnorð, lýsingarorð og sagnir geta myndað umsögn og sama má segja um stærri orðasambönd eða setningarliði. Umsagnir geta tengst einu eða fleiri einnefnum, þ.e. þær geta verið einsætar, tvísætar, þrísætar o.s.frv. Umsagnir eru táknaðar með hástöfum: F , G , H ... Dæmi um formúlu með einsætri umsögn er:

- (45) Fx (= x er F)

Hér gæti F táknað einhvern eiginleika, t.d. „stór“.

3.1.4 Feldar

(45) telst vera ófullgerð eða **opin** formúla því að breytan x er ekki bundin af feldi. Vanalega er notast við tvo felda, **alfeldi** (universal quantifier) og **tilfeldi** (existential quantifier). Ef alfeldi er skeytt framan við (45) verður útkoman:

$$(46) \quad (x)Fx \quad (= \text{öll } x \text{ eru } F)$$

Ef tilfeldir er settur í stað alfeldisins fæst formúlan:³

$$(47) \quad (Ex)Fx \quad (= \text{a.m.k. eitt } x \text{ er } F)$$

Í (46) og (47) eru breytur bundnar af feldunum og formúlurnar eru því **lokaðar**.

3.2 Ófn. sem feldar

Í kennslubókum um rökfræði eru ófn. oftast tekin sem dæmi um felda í venjulega máli. (Sbr. Alwood, Anderson & Dahl 1981:65; Erlendur Jónsson 1984:57). Ef þetta er rétt, vaknar sú spurning hvers vegna ófn. eru eins mörg og raun ber vitni þar sem tveir feldar eru yfirleitt látnir duga í rökfræði. Að vísu er hægt að innleiða fleiri felda en þessa tvo í rökfræði, t.d.:

$$(48) \quad \begin{array}{ll} \text{a} & (E_1x) \quad = \text{eitt og aðeins eitt } x \\ \text{b} & (E_{50}x) \quad = \text{nákvæmlega fimmtíu } x \end{array}$$

En samsvörun þessara felda í venjulega máli eru töluorð en ekki ófn.

Þau ófn. sem virðast notuð sem alfeldar eru:

$$(49) \quad \textit{allir, báðir, sérhver, hver, hvor}$$

Þau sem gegna hlutverki tilfeldis eru:

$$(50) \quad \textit{einhver, nokkrir, annar, annar hvor, sumir, neinn, nokkur}$$

Þá eru eftir tvö ófn.:

$$(51) \quad \textit{enginn, hvorugur}$$

Þau eru nokkurn veginn sömu merkingar og *ekki neinn* og *ekki nokkur* og virðast því svara til sambands neitunar og tilfeldis ($\sim(E)$). *Enginn* og *hvorugur* hljóta að fela í sér neitun, sbr.:

³Hér er notast við sömu tákun og Erlendur Jónsson (1984) notar; önnur algeng aðferð við að tákna formúlurnar í (46) og (47) er sú sem hér sést:

$$\begin{array}{ll} (46)\text{a} & \exists xFx \\ (47)\text{a} & \forall xFx \end{array}$$

- (52) a Enginn sá neitt
b Hvorugur sá neitt

En *neinn* er aðeins notað með neitun eins og fyrr sagði. Hins vegar er ekki að sjá að í íslensku sé til sérstakt orð sem svarar til sambands neitunar og alfeldis, þ.e. $\sim()$.

Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram að það eru ekki aðeins ófn. sem geta gegnt hlutverki felda. Töluorð eru e.k. sértilfelli af tilfeldi eins og minnst var á hér að framan og eftirtalin orð eru sömuleiðis tilfeldar þótt þau séu e.k. „jaðartilfelli“ af ófn.:

- (53) *margin; fáir; fáeinir; annar hver; flestir*

Ljóst er að orðin í (49) eru ekki nákvæm samheiti þótt þau teljist öll til alfelda, ef svo væri ættu þau að hegða sér eins setningafræðilega en í töflu II sést að svo er ekki. Sama gildir um orðin í (50) og (51). Það hlýtur því að vera einhver frekari aðgreining innan hvers merkingarflokks.

3.3 Yfirgrip feldis

Almennt má segja að feldar séu notaðir til að tiltaka hlutmengi úr einhverjum (gefnum) hóp. Hópurinn sem undirskilinn er kallast **yfirgrip** feldisins. Ef setningin

- (54) Allir eru mættir

er sögð á félagsfundi í Mími er væntanlega ekki átt við að allir hlutir í veröldinni séu mættir, heldur að allir félagsmenn í Mími séu mættir. Í (54) er mengi félagsmanna í Mími því yfirgrip feldisins. Ef engar upplýsingar lögju fyrir um það við hvaða aðstæður (54) er sögð, væri aftur á móti engin leið að vita hvert yfirgrip feldisins er. Í setningunni

- (55) Báðir eru mættir

getum við heldur ekki vitað hvaða hlutir eru í yfirgripi feldisins *báðir*. Hins vegar er ljóst að það eru bara tveir hlutir. Sama má segja um setningarnar

- (56) a **Annar** er mættur
b **Annar hvor** er bilaður
c **Hvorugur** er í lagi
d **Hvor** þeirra fékk hálfan vinning

Ófn. í (55) og (56) hafa öll e.k. tvítölumerkingu. Af þessum fimm orðum eru tveir alfeldar, *báðir* og *hverugur*; tveir tilfeldar, *annar* og *annar hvor*; og eitt orð sem táknar neitun tilfeldis þ.e. *hverugur* (sbr. (49)–(51)). Alfeldarnir *báðir* og *hver* geta ekki verið samheiti, sbr. töflu II. Í (57) kemur líka í ljós að á þeim er greinilegur merkingarmunur:

- (57) a Jón setti einn skó á **báða** fætur
b Jón setti einn skó á **hvorn** fót

Hér virðast *báðir fætur* vera notað til að vísa til fóta Jóns sem einnar heildar en *hvor fótur* ekki.

Annar og *annar hvor* fá sömu útkomu í töflu II en þó er ljóst að á þeim er merkingarmunur:

- (58) a Jón er haltur á **öðrum** fætinum, þ.e.a.s. þeim vinstri
b ??Jón er haltur á **öðrum hvorum** fætinum, þ.e.a.s. þeim vinstri

b-setningin er ankannaleg vegna þess að notkun *annar hvor* gefur til kynna að ekki sé vitað hvort Jón er haltur á hægri eða vinstra fæti.

3.4 Svið feldis

3.4.0

Þegar bæði alfeldir og tilfeldir eru í sömu rökfræðiformúlu skiptir innbyrðis röð þeirra höfuðmáli fyrir merkinguna. Lítum nú á eftirfarandi formúlur þar sem $Fxy = 'x$ elskar y' :

- (59) a $(x)((Ex)Fxy) \simeq$ Allir elska einhvern
b $(Ey)((x)Fxy) \simeq$ Einhver er elskaður af öllum

Í (59)a er tilfeldirinn (Ey) á sviði alfeldisins (x) en í (59)b er þessu öfugt farið. **Svið** (scope) felda er í rökfræði afmarkað með svigum, þannig að táknið sem eru innan svigans sem kemur næst á eftir feldinum, eru á sviði feldisins. Í venjulegu máli eru að vísu engir svigar en þar virðast þó gilda svipuð lögmál, þ.e. ef röð feldanna breytist, breytist merkingin. Þetta fyrirbrigði olli fylgjendum svokallaðrar generatífrar merkingarfræði (generative semantics) miklum heilabrotum. Sú kenning gekk einkum út á tvær kennisetningar. Hin fyrri var að merkingartúlkun setninga færi fram í djúpperð og því væri rökform (Logical Form) og setningafræðileg djúpperð eitt og hið sama. Af þessu leiddi seinni kenningin, þ.e. að setningafræðilegar ummyndanir mættu ekki breyta merkingu setningar.⁴

Eftirfarandi setningar eru vanalega taldar vera leiddar af einni og sömu djúpperð, b-setningin hefur gengist undir þolmyndarummyndun en ekki a-setningin:

- (60) a Allir menn elska einhverja konu
b Einhver kona er elskuð af öllum mönnum

Hér hefur þolmyndarummyndunin greinilega breytt merkingunni og brýtur því gegn kenningum generatífrar merkingarfræði.⁵ Merkingarmunurinn á (60)a og b stafar væntanlega af því að röð (og þar með svið) feldanna *allir* og *einhver* hefur breyst. Það er þó ekki víst að röð felda í setningu skeri alltaf úr um svið þeirra. T.d. hefur verið

⁴Um generatífa merkingarfræði sjá t.d. Fodor 1980:70–81 og Lyons 1977:409–422.

⁵Um þetta vandamál spannst mikil umræða á árunum í kringum 1970 (sjá t.d. Partee 1970, Lakoff 1970, Jackendoff 1971, Carden 1970).

stungið upp á að liðstýring (c-command) sem er hugtak úr svokallaðri GB-málfræði, ráði einhverju um svið felda og neitunar (sjá Platzack 1982:166 og Eirík Rögnvaldsson 1986). Því hefur líka verið haldið fram að svið sumra felda í venjulegu máli sé fast, þ.e. breytist ekki þótt röð feldanna breytist:

‘every’ by a simple and irreducible trait of English usage, always calls for the shortest possible scope ...
... ‘any’ by a simple and irreducible trait of English usage, always calls for the longer of two possible scopes.

(Quine 1969:139; sjá líka McCawley 1977)

Í framhaldi af þessu væri fróðlegt að athuga hvort hægt er að flokka ófn. í íslensku eftir því hvort þau eru „langsviðs-“ eða „stuttsviðsfeldar“.

3.4.1 Svið alfelda

Í (57) kom í ljós að alfeldarnir *báðir* og *hvor* merkja ekki það sama. Við skulum nú athuga hvort þessi merkingarmunur getur falist í mismunandi sviði. Í dæmunum hér á eftir er notaður tilfeldirinn *a.m.k. einn* sem er nánast bein þýðing á tilfeldi rökfræðitáknmáls. Í rökfræðiformúlunum er ekki hirt um að tákna tvítölumerkingu orða eins og *báðir* og *hvor* þar sem hún ætti ekki að skipta máli í þessu sambandi.

- (61) a **A.m.k. einn** hundur beit **báða** mennina
b **Báðir** mennirnir voru bitnir af **a.m.k. einum** hundi
- (62) a **A.m.k. einn** hundur beit **hvorn** mann
b **Hvor** maður var bitinn af **a.m.k. einum** hundi

Í (61)a er þolmyndarsetningin greinilega ekki sömu merkingar og germyndarsetningin.⁶ (61)a er ekki hægt að skilja öðru vísi en að sami hundurinn hafi bitið báða mennina en í (61)b er það ekki nauðsynlegt. Rökform setninganna í (61) má tákna á eftirfarandi hátt:

- (63) a $(\exists x)(Hx) \ \& \ (y)(My \rightarrow Bxy)$
b $(y)(My \rightarrow (\exists x)(Hx \ \& \ Bxy))$
($Hx = x$ er hundur; $My = y$ er maður; $Bxy = x$ beit y)

Hér breytist semsé svið feldanna í samræmi við breytta orðaröð. Í (62) bregður aftur á móti svo við að merkingin er sú sama í germynd og þolmynd. Báðar setningarnar er hægt að túlka þannig að þær hafi rökformið sem sýnt er í (63)b. Á þessu eru tvær skýringar hugsanlegar. Annað hvort hefur tilfeldirinn *a.m.k. einn* styttra svið en orðaröðin í (62)b gefur til kynna, eða *hvor* hefur lengra svið en orðaröðin í (62)a gefur

⁶Ath. að með „sömu merkingu“ er hér átt við sama sanngildi, þ.e. tvær setningar hafa sömu merkingu ef önnur getur ekki verið ósönn þegar hin er sönn.

tilefni til. Fyrri möguleikinn kemur varla til greina því að ef *a.m.k. einn* hefði alltaf styttra svið en alfeldir í sömu setningu, ættu báðar setningarnar í (61) að hafa sama rökform. Það lítur því út fyrir að *hver* sé alfeldir sem fær lengra svið en tilfeldir í sömu setningu, óháð orðaröð. Þá er að líta á alfeldana sem eftir eru: *sérhver*, *hver* og *allir*. Í dæmunum hér á eftir tákna **A** rökformið í (63)a og **B** rökformið í (63)b.

- (64) a **A.m.k. einn** hundur beit **sérhvern** mann. = **B**
 b **Sérhver** maður var bitinn af **a.m.k. einum** hundi. = **B**
- (65) a **A.m.k. einn** hundur beit **hvern** mann. = **B**
 b **Hver** maður var bitinn af **a.m.k. einum** hundi. = **B**
- (66) a **A.m.k. einn** hundur beit **alla** mennina. = **A**
 b **Allir** mennirnir voru bitnir af **a.m.k. einum** hundi. = **B**

Hér kemur í ljós að *sérhver* og *hver* hegða sér eins og *hver*, þau fá lengra svið en tilfeldirinn þótt þau standi fyrir aftan hann í setningunni. *Allir* hegðar sér hins vegar eins og *báðir* og fær stutt svið ef það kemur á eftir tilfeldinum.

3.4.2 Svið tilfelda

Í 3.3.1 kom fram að alfeldirinn *allir* fær það svið sem orðaröðin býður upp á. Það ætti því að vera óhætt að nota *allir* við prófun á tilfeldum. Lítum fyrst á tvítölufeldana *annar* og *annar hvor*:

- (67) a **Annar** hundurinn beit **alla** mennina. = **A**
 b **Allir** mennirnir voru bitnir af **öðrum** hundinum. = **A**
- (68) a **Annar hvor** hundurinn beit **alla** mennina. = **A**
 b **Allir** mennirnir voru bitnir af **öðrum hvorum** hundinum. = **B**

Í (67) helst rökformið óbreytt þótt setningin sé sett í þolmynd en í (68) breytist rökformið með orðaröðinni. *Annar* hlýtur því að vera „langsviðsfeldir“ eins og *sérhver*, *hver* og *hver* en *annar hvor* hefur breytilegt svið. Þá eru þrír tilfeldar eftir: *einhver*, *nokkrir* og *sumir*.

- (69) a **Einhver** hundur beit **alla** mennina. = **A**
 b **Allir** mennirnir voru bitnir af **einhverjum** hundi. = **B**
- (70) a **Nokkrir** hundar bitu **alla** mennina. = **A**
 b **Allir** mennirnir voru bitnir af **nokkrum** hundum. = **B**
- (71) a **Sumir** hundarnir bitu **alla** mennina. = **A**
 b **Allir** mennirnir voru bitnir af **sumum** hundunum. = **A**

(69)–(71) sýna að *sumir* er „langsviðsfeldir“ en ekki *einhver* og *nokkrir*.

Neikvæðu tilfeldana *enginn* og *hvorugur* er ekki hægt að prófa á þennan hátt því að þolmyndarsetningar sem útúr því koma verða vonda:

- (72) a ***Allir** mennirnir voru bitnir af **engum** hundi
- b ***Allir** mennirnir voru bitnir af **hvorugum** hundinum

4 Helstu niðurstöður

Hér að framan hefur ófn. verið skipt í merkingarflokka á grundvelli þriggja rökfræðilegra atriða. Í fyrsta lagi eftir því hvort þau eru alfeldar, tilfeldar eða neikvæðir tilfeldar. Í öðru lagi hvort yfirgripð hefur tvö eða fleiri stök. Í þriðja lagi eftir sviði, þ.e. eftir því hvort þau fá alltaf lengsta svið í setningu eða hvort svið þeirra er breytilegt eftir orðaröð. Í töflu III sjást niðurstöður þessarar flokkunar.

TAFLA III

	Alfeldir ()		Tilfeldir (E)		Neikvæður tilfeldir ~ (E)
	langt svið	breytil. svið	langt svið	breytil. svið	
Yfirgrip = 2 (+tvít.)	<i>hvor</i>	<i>báðir</i>	<i>annar</i>	<i>annar hvor</i>	<i>hvorugur</i>
Yfirgrip > 2 (–tvít.)	<i>sérhver hver</i>	<i>allir</i>	<i>sumir</i>	<i>nokkrir einhver</i>	<i>enginn</i>

Í töflu III sést að þessi þrjú atriði nægja til að greina á milli næstum allra þeirra orða sem hér hafa verið talin ófn. Ef tafla III er borin saman við töflu II sést að hægt er að tengja ýmis setningafræðileg einkenni ófn. einstökum merkingarflokkum. Þau helstu eru þessi:

- (73) Alfeldar með langt svið geta ekki staðið einir í nafnið.
- (74) Alfeldar með breytilegt svið geta ekki tekið eignarfallseinkunn.
- (75) Setningafræðileg hegðun alfelda með langt svið annars vegar og tilfelda með breytilegt svið hins vegar, er að ýmsu leyti svipuð. Sama er að segja um alfelda með breytilegt svið og tilfelda með langt svið.

Hér verður ekki reynt að útskýra þetta samhengi, til þess þyrfti að kanna betur hvaða áhrif hver flokkur ákvæðisorða hefur á heildarmerkingu nafnliða. Slíks er ekki kostur hér og læt ég þessu skrifi lokið.

Reykjavík, í október 1986

Aðalsteinn Eyþórsson

Heimildir

- Allwood, Jens; Lars-Gunnar Anderson & Östen Dahl. 1977. *Logic in Linguistics*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Anderson, John. 1973. Universal Quantifiers. *Lingua* 31:125–176.
- Björn Guðfinnsson. 1958. *Íslensk málfræði* handa grunnskólum og framhaldsskólum. (5. útg.) Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Carden, Guy. 1970. The Deep Structure of “Both”. *Papers from the Sixth Regional Meeting*:178–189. Chicago Linguistic Society, Chicago.
- — 1977. Performatives and Quantifiers. *Linguistic Inquiry* 8(1):163–168.
- Dahl, Östen. 1970. Some Notes on Indefinites. *Language* 46 (1):33–41.
- Dillon, George L. 1977. *Introduction to Contemporary Linguistic Semantics*. Prentice-Hall, Englewood Cliffs, New Jersey.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1984. *Íslensk málfræði*. Hjóðkerfisfræði og beygingafræði. Fjölrítuð kennslubók. Reykjavík.
- — 1986. *On Preverbal Objects in Icelandic*. Ópr. handrit. Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Erlendur Jónsson. 1984. *Frumhugtök rökfræðinnar*. Birt sem handrit. Reykjavík.
- Evans, Gareth. 1980. Pronouns. *Linguistic Inquiry* 11 (2):337–362.
- Fodor, Janet Dean. 1980. *Semantics*. Theories of Meaning in Generative Grammar. Harvard University Press, Cambridge, Massachusetts.
- Friðrik Magnússon. 1984. Um innri gerð nafnliða í íslensku. *Íslenskt mál* 6:81–111.
- Gunnar Finnbogason. 1976. *Málið mitt*. Kennslubók í íslensku. IV. útgáfa. Valfell, Reykjavík.
- Halldór Halldórsson. 1956. *Kennslubók í málfræði handa framhaldsskólum*. Bókaforlag Odds Björnssonar, Akureyri.
- Hintikka, Jaako. 1974. Quantifiers vs. Quantification Theory. *Linguistic Inquiry* 5:153–179.
- Höskuldur Þráinsson. 1974. *Óákveðin fornöfn og beyging þeirra*. Óprentuð prófritgerð í eigu Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, Reykjavík.
- — 1980. Um orðflokka og fleira. *Skíma* 18:25–30.
- — 1982. *Setningafræði*. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi. Fyrri hluti. Tilraunaútgáfa. Reykjavík.
- — 1984. *Setningafræði*. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi og öðrum þeim sem yndi hafa af setningafræði. Fyrri hluti. 3. tilraun með breytingum. Reykjavík.
- Íslensk orðabók handa skólum og almennungi*. Ritstjóri: Árni Böðvarsson. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík. 1963.
- Jackendoff, Ray S. 1968. Quantifiers in English. *Foundations of Language* 4:422–442.
- — 1971. On Some Questionable Arguments about Quantifiers and Negation. *Language* 47:282–297.
- Jón Friðjónsson. 1978. *A Course in Modern Icelandic*. Texts, vocabulary, grammar, exercises, translations. Tímaritið Skák, Reykjavík.

- Jón Hilmar Jónsson. 1984. *Íslensk grammatikk for utlendinger*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Keenan, Edward L. 1971. Quantifier Structures in English. *Foundations of Language* 7:255–284.
- Kempson, Ruth M. 1977. *Semantic Theory*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Kress, Bruno. 1982. *Isländische Grammatik*. Max Hueber Verlag, Berlin.
- Kristján Árnason. 1980. *Íslensk málfræði*. Kennslubók handa framhaldsskólum. Síðari hluti. Iðunn, Reykjavík.
- Lakoff, George. 1970. Repartee, or a Reply to ‘Negation, Conjunction and Quantifiers’. *Foundations of Language* 6:389–422.
- Lakoff, Robin. 1969. Some reasons why there can’t be any some-any rule. *Language* 45.3:608–615.
- Lyons, John. 1971. *Introduction to Theoretical Linguistics*. Cambridge University Press, Cambridge.
- — 1977. *Semantics*. Volume 2. Cambridge University Press, Cambridge.
- Magnús Pétursson. 1978. *Isländisch*. Eine Übersicht über die moderne isländische Sprache mit einem kurzem Abriss der Geschichte und Literatur Islands. Helmut Buske Verlag, Hamburg.
- McCawley, James D. 1977. Lexicographic notes on English quantifiers. *Papers from the Thirteenth Regional Meeting* 3:372–383. Chicago Linguistic Society, Chicago.
- Partee, Barbara Hall. 1970. Negation, Conjunction and Quantifiers: Syntax vs. Semantics. *Foundations of Language* 6:153–165.
- Platzack, Christer. 1982. *Modern grammatisk teori*. En introduktion till EST. Liber Förlag, Lund.
- Quine, Willard Van Orman. 1960. *Word and Object*. The M.I.T. Press, Cambridge, Massachusetts.
- Radford, Andrew. 1981. *Transformational Syntax*. A student’s guide to Chomsky’s Extended Standard Theory. Cambridge University Press, Cambridge.
- Sigfús Blöndal & Ingeborg Steman. 1943. *Praktisk Lærebog i islandsk Nutidssprog*. Ejnar Munksgaards Forlag, København.
- Skúli Benediktsson. 1982. *Íslenska handa efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum*. Skuggsjá, Hafnarfirði.
- Stefán Einarsson. 1945. *Icelandic*. Grammar, Texts, Glossary. The John Hopkins University Press, Baltimore.
- Valtýr Guðmundsson. 1922. *Íslensk Grammatik*. Íslensk Nutidssprog. H. Hagerups Forlag, København.
- Þorsteinn G. Indriðason. 1985. *Um samspil neitunar og kvantara*. Ópr. prófritgerð. Háskóla Íslands, Reykjavík.